



Orkubú Vestfjarða ohf

Verðskrár

Gilda frá 01.01.2010

Efnisyfirlit

Kafli		Bls.
1	Raforkudreifing og raforkuflutningur	2
1.1	Þéttbýli	2
1.2	Dreifbýli	3
1.3	Þéttbýli og dreifbýli	4
2	Hitaveitur	5
3	Tengigjöld hitaveitu.....	6
4	Skýringar.....	7
5	Tengigjöld rafmagns í þéttbýli	10
6	Tengigjöld rafmagns í dreifbýli	13
7	Opinn raforkumarkaður.....	17
8	Niðurgreiðslur	18
9	Skilmálar um sölu ótryggðrar orku	19

1. Raforkudreifing og raforkuflutningur.

	Án vsk	M.vsk 25,50%	M.vsk 2,59%
--	--------	-----------------	----------------

1.1 Þéttbýli.

A40T. Almenn og hitanotkun. Varstærð allt að 80A.

Fastagjald	kr/ári	14.850	18.637	
Orkugjald 15% almenn notkun, 85% hiti*	kr/kWst	4,02	5,05	4,12

A10T. Almenn notkun. Varstærð allt að 80A.

Fastagjald	kr/ári	14.850	18.637	
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	4,02	5,05	

A21T. Almenn notkun. Varstærð 81A - 150A.

Fastagjald	kr/ári	50.600	63.503	
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	3,80	4,77	

A22T. Almenn notkun. Varstærð 151A - 300A.

Fastagjald	kr/ári	172.040	215.910	
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	3,80	4,77	

A23T. Almenn notkun. Varstærð 301A - 500A.

Fastagjald	kr/ári	344.080	331.820	
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	3,80	4,77	

B10T. Aflmæling.

Fastagjald	kr/ári	116.600	146.333	
Aflgjald	kr/W/ári	8.305	10.423	
Orkugjald	kr/kWst	1,63	2,05	
Fasviksgjald	kr/kWst/stig	0,14	0,18	

V10T. Ómæld smánotkun.

Fastagjald á tengistað	kr/ári	8.305	10.423	
Aflgjald	kr/kW/ári	118.250	148.404	

A30T. Útilýsing með viðhaldi.

Aflgjald	kr/kW/ári	23.210	29.129	
----------	-----------	--------	--------	--

* 15% notkunar ber almannan vsk 25,5% og 85% notkunar ber vsk fyrir rafhitun 2,59% (7,0% með 63% endurgreiðslu)

1.2 Dreifbýli.

A40D. Almenn og hitanotkun. Varstærð allt að 80A.

Fastagjald	kr/ári	22.550	28.300	
Orkugjald 15% almenn notkun, 85% hiti*	kr/kWst	6,66	8,36	6,83

A10D. Almenn notkun. Varstærð allt að 80A.

Fastagjald	kr/ári	22.550	28.300
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	6,66	8,36

A21D. Almenn notkun. Varstærð 81A - 150A.

Fastagjald	kr/ári	74.250	93.184
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	6,27	7,87

A22D. Almenn notkun. Varstærð 151A - 300A.

Fastagjald	kr/ári	252.450	316.825
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	6,27	7,87

A23D. Almenn notkun. Varstærð 301A - 500A.

Fastagjald	kr/ári	504.900	633.650
Orkugjald , vegna allrar orku	kr/kWst	6,27	7,87

B10D. Aflmæling.

Fastagjald	kr/ári	166.100	208.456
Aflgjald	kr/W/ári	9.955	12.494
Orkugjald	kr/kWst	3,51	4,41
Fasviksgjald	kr/kWst/stig	0,14	0,18

V10D. Ómæld smánotkun.

Fastagjald á tengistað	kr/ári	12.650	15.876
Aflgjald	kr/kW/ári	141.020	176.980

A30D. Útilýsing með viðhaldi.

Aflgjald	kr/kW/ári	30.690	38.516
----------	-----------	--------	--------

* 15% notkunar ber almennan vsk 25,5%
og 85% notkunar ber vsk fyrir rafhitun
2,59% (7,0% með 63% endurgreiðslu)

Án vsk	M.vsk	M.vsk
	25,50%	2,59%

1.3 Þéttbýli og dreifbýli.

D40 D/T. Ótryggð orka undir

1 MW (innan afltopps).

Fastagjald	kr/ári	246.400	309.232	252.782
Orkugjald	kr/kWst	2,82	3,54	2,89

D41 D/T. Ótryggð orka yfir

1 MW (utan afltopps).

Fastagjald	kr/ári	246.400	309.232	252.782
Orkugjald	kr/kWst	1,41	1,77	1,45

A11. Mælaleiga.

Einfasa mælir	kr/ári	3.300	4.142	3.385
---------------	--------	-------	-------	-------

A12. Mælaleiga.

Fjölfasa mælir	kr/ári	8.360	10.492	8.577
----------------	--------	-------	--------	-------

A13. Mælaleiga.

Fjölfasa mælir með mælaspennum	kr/ári	13.310	16.704	13.655
--------------------------------	--------	--------	--------	--------

RI10. Vanskilainnheimta.

Innheimtugjald	Skv. verðskrá	Intrum		
----------------	---------------	--------	--	--

RI20. Veita opnuð eftir lokun.

Á dagvinnutíma	kr	8.360	10.492
----------------	----	-------	--------

Utan dagvinnutíma	kr	16.720	20.984
-------------------	----	--------	--------

RÞ10. Mælaálestrar.

Aukaálestur	kr	4.180	5.246
-------------	----	-------	-------

RÞ20. Viðhald götulýsingar.

Viðhaldsgjald	kr/kW/ári	24.200	30.371
---------------	-----------	--------	--------

RÞ30. Útkall.

Útkall á vinnutíma	kr/útkall	10.010	12.563
--------------------	-----------	--------	--------

Útkall utan vinnutíma	kr/útkall	20.020	25.125
-----------------------	-----------	--------	--------

2. Hitaveitur.

Án vsk M.vsk
2,59%

H90 og H99. Hitun íbúðarhúsnæðis.

Minst 77° hiti frá kyndistöð

Orkugjald	kr/kWst	5,62	5,77
Fastagjald	kr/ári	25.164	25.816
Rúmmetragjald	kr/m ³	28,40	29,14

H94 og H95. Hitun íbúðarhúsnæðis.

Minst 72° hiti frá kyndistöð

Orkugjald	kr/kWst	5,62	5,77
Fastagjald	kr/ári	25.164	25.816
Rúmmetragjald	kr/m ³	24,34	24,97

H98. Sala um varmaskipti.

Orkugjald	kr/kWst	3,40	3,49
Fastagjald	kr/ári	251.640	258.157
Rúmmetragjald	kr/m ³	17,06	17,50

I90 og I91. Reykhólar.

Fastagjald	kr/ári	25.164	25.816
Rúmmetragjald	kr/m ³	173,05	177,53

I98. Vatnsmagn.

Sundlaugar og gróðurhús

Fastagjald	kr/ári	25.164	25.816
Rúmmetragjald	kr/m ³	57,63	59,12

H13. Mælaleiga.

Hitaveitumælir	kr/ári	12.371	12.691
----------------	--------	--------	--------

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni. Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu. Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2,0% af smásöluverði.

3. Tengigjöld hitaveitu.

		Án vsk	M.vsk 7 %
20 mm stál og 25 mm Pex	kr	185.500	198.485
25 mm stál og 32 mm Pex	kr	241.150	258.031
32 mm stál og 40 mm Pex	kr	371.000	396.970
50 mm stál	kr	556.500	595.455
80 mm stál	kr	2.226.000	2.381.820
Aukamæligrind hitaveitu	kr	58.300	62.381
Uppsetning orkumælis	kr	32.196	34.450

Orkubúinu er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimæðar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

Sé ný heimæð ekki tekin í notkun eða veitu lokað, í 6 mánuði eða lengur má búast við aftengingu heimæðar. Hafi notkun aldrei hafist á nýrri heimæð eða fallið niður í veitum sem hafa verið í notkun, í að minnsta kosti 5 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald til að notkun geti hafist. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu auk endurtengingargjalds (uppsetning orkumælis).

4. Skýringar.

4.1. Straumgildi. (A=Amper)

Leyfilegar varstærðir að mæli viðskiptavinar ákvarðar taxa. Í taxaheiti er tilgreind varstærð fyrir þriggja fasa mæli, en varstærð fyrir einfasa mæli skal taka mið af samsvarandi aflfi. Sé viðskiptavinur með varstærð yfir 500A verður hann að vera á afltaxta.

4.2. Aflgjald.

Reiknast af sölutoppi ársins. Í hverjum mánuði er fundinn hæsti 60 mínútna meðaltoppur. Sölutoppur ársins er meðaltal af 4 hæstu mánaðartoppunum. Sölutoppur ársins verður þó aldrei lægri en 15 kW.

4.3. Götulýsing.

O.V. sér um uppsetningu götulýsingar samkvæmt ósk viðskiptavinar, sem greiðir allan stofnkostnað. O.V. tekur að sér allt eðlilegt viðhald götulýsingar gegn greiðslu viðhaldsgjalds í verðskrá. Götulýsingu er stýrt af O.V. eftir dagsbirtu. (1KW u.þ.b. 4200 kwst/ári).

4.4. Fasvik.

Falli meðalfasviksstuðull í tilteknum mánuði, á tíma-bilinu frá og með 1. október til 1. maí, niður fyrir 0,9 er heimilt fyrir þann mánuð að innheimta viðbótarorkugjald fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir 0,9. Þetta viðbótarorkugjald kallast faskviksgjald og reiknast af hverri kWst. (Ef meðalfasviksstuðull mánaðar er F og er minni en 0,9 og orkukaup mánaðarins eru E kWst er kostnaður vegna faskviks (K) í þeim mánuði sem hér segir: $K=(0,9-F) \times 100 \times 0,13 \times E$.)

4.5. Ótryggð orka.

Ótryggð orka er seld samkvæmt sérsamningum, sem gerðir voru fyrir 31.12.2004, og er bundin sérstökum skilmálum, meðal annars um fulla heimild til rofs. Reynist orkutöp vegna ótryggðrar orku vera umfram 2% á taxa RO60 og umfram 6% á taxa RO50 er dreifiveitunni heimilt að innheimta raunkostnað hjá notanda vegna tapa umfram þessi mörk.

4.6. Leigutaxtar.

Viðskiptavinir dreifiveitunnar geta leigt mælitæki til innra uppgjörs og fjarmæliliða til að nálgast mæligögn til eigin nota. Uppsetning tækjanna er innifalinn í leigunni.

4.7. Innheimtugjald.

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og er lagt á við útsendingu innheimtubrúfs.

4.8. Veita opnuð eftir lokun.

Gjöld vegna kostnaðar við lokun og opnun veitu vegna vanskila.

4.9. Virðisaukaskattur (vsk) og niðurgreiðslur.

Samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

4.10. Heimtaugar

Heimtaugar eru í eigu OV, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi aðgang að dreifikerfi OV. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst. Föst tengigjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru því aðeins í gildi að eðlileg lagnaleið sé fyrir hendi.

Með heimtaugarumsókn þarf að fylgja uppdráttur af lóðum svæðisins í mælikvarða 1:500 til 1:2000, staðfestur af Skipulagsstofnun, ásamt landnúmerum viðkomandi lóða. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar, ómældar smáheimtaugar sem einkanlega eru ætlaðar fyrir mælitæki og aðra smánotkun og bráðabirgðaheimtaugar til tímabundinna nota.

Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við OV, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við Tæknilega tengiskilmála raforkudreifingar, TTR, grein

4.1.2. Þar sem ekki er um búsetu eða reglulega starfsemi að ræða er mælir settur í mælakassa utandyra.

Húseigandi leggur til mælakassa sem uppfyllir kröfur um frágang og gerð á mynd M5 í TTR og skal rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt Tæknilegum tengiskilmálum raforkudreifingar, TTR.

Í þessari verðskrá teljast til þéttbýlis þeir staðir sem skilgreindir eru sem þéttbýli á grundvelli reglugerðar um framkvæmd raforkulaga. Í þessari verðskrá teljast til byggðakjarna skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer ekki að hámarki yfir 100 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót. Nýir byggðakjarnar sem eru að myndast greiða tengigjald samkvæmt dreifbýlisgjaldskrá þar til ofangreindum skilyrðum er fullnægt.

Gjald fyrir heimtaug er háð stærð hennar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

OV gerir skriflegt tilboð um tengigjald fyrir heimtaugar stærri en 315 A. Gjald fyrir breytingar á heimtaugum, aðrar en um getur í verðskrá þessari, er samkvæmt skriflegu tilboði.

Einungis er afgreidd ein heimtaug í hvert hús samanber TTR 4.1.7.

Heimtaugagjald miðast við að heimtaug tengist ýmist í stofnvarskassa, stofntengibox, mælakassa eða beint í aðaltöflu samanber TTR 4.1.14

5. Tengigjöld rafmagns í þéttbýli.

Öll verð eru með virðisaukaskatti.

Grunnverð aðalheimtaugar

Málstraumur		Grunnverð	Yfirlengdarverð
63	A	172.500 kr	1.725 kr/m
100	A	256.250 kr	2.562 kr/m
200	A	537.500 kr	5.375 kr/m
315	A	842.500 kr	8.425 kr/m

Grunnverð bráðabirgðaheimtaugar:

Málstraumur			
≤ 63	A	38.000	kr
= 100	A	55.000	kr
= 200	A	90.000	kr

Innifalið í grunnverði bráðabirgðaheimtaugar er kostnaður við uppsetningu mælis og spennusetningu veitunnar. Annar kostnaður við framkvæmd verks greiðist samkvæmt skriflegu tilboði, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu að jafnaði aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra.

Annar mögulegur kostnaður :

- a) Yfirlengd lágspennu sjá gr. 2
- b) Ómæld smáheimtaug **59.474 kr.** sjá gr. 3
- c) Viðbótarmælir **29.737 kr.** sjá gr. 4
- d) Stækkun heimtaugar sjá gr. 5
- e) Spennistöð fyrir einn notanda sjá gr. 6
- f) Endurkoma **18.649 kr.** sjá gr. 7
- g) Breyting á heimtaug sjá gr. 8
- h) Endurtenging sjá gr. 9
- i) Aukakostnaður og frávik sjá gr. 10

2. Yfirlengd lágspennu

Yfirlengd reiknast af jarðstrengsheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæru leið að móttökustað. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200-315A greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald.

3. Ómældar smáheimtaugar

Verð fyrir ómælda smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er **59.474 kr** og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast **1.462 kr/m**. Hvort heimtaug flokkist sem ómæld smáheimtaug er háð mati OV.

4. Viðbótarmælar

Fyrir uppsetningu viðbótarmælis, fyrir aðra mælingu og/eða annan notanda á sömu heimtaug, greiðast **29.737 kr** fyrir hvern mæli.

5. Stækkun heimtaugar

Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða grunnverð heimtaugar fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra grunnverði samkvæmt gildandi gjaldskrá auk **29.737 kr** fasts gjalds. Greiða þarf fullt yfirlengdargjald fyrir hina nýju heimtaug.

6. Spennistöð

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Ganga skal frá skriflegum samningi um húsnæðið.

7. Endurkoma

Purfi að hverfa frá við tengingu heimtaugar vegna ófullnægjandi frágangs umsækjanda, eða koma aftur vegna færslu heimtaugar á endanlegan stað, greiðast **18.649 kr.**

8. Breyting á heimtaug

Breytingar á heimtaug að ósk notanda eru alfarið á hans kostnað.

9. Endurtenging

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði má búast við aftengingu heimtaugar. Hafi heimtaug verið aftengd í a.m.k. 5 ár, telst hún aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald, samkvæmt almennum taxta A10T, fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu, auk **29.737 kr** fasts gjalds.

10. Aukakostnaður og frávik

Sé heimtaug lögð að ósk notanda við óhagstæðar aðstæður, svo sem vegna frosts í jörðu, aurbleytu eða þar sem varanlegri gatnagerð er ólokið, getur OV krafist greiðslu vegna viðbótarkostnaðar sem af hlýst.

6. Tengingjöld rafmagns í dreifbýli.

Öll verð eru með virðisaukaskatti.

1. Grunnverð heimtaugar:

Málstraumur			
35	A	299.386	kr
63	A	373.980	kr
100	A	480.831	kr
200	A	747.960	kr
315	A	1.068.514	kr

Flatey 10 A 379.020 kr. 1.638 kr/m yfirlengd

Annar mögulegur kostnaður:

- a) Yfirlengd lágspennu **1.462 kr/m** sjá gr. 2
- b) Aðgangur að spennistöð **463.695 kr.** (ef heimtaugar eru færri en 5 í upphafi) sjá gr. 3)
- c) Yfirlengd háspennu að 2000 m **1.573 kr/m** og **1.915 kr/m** sjá gr. 4)
- d) Háspennulögn lengri en 2000 m sjá gr. 5)
- e) Viðbótarmælir **29.737 kr.** sjá gr. 6)
- f) Ómæld smáheimtaug **53.426 kr.** sjá gr. 7)
- g) Stækkun heimtaugar sjá gr. 8)
- h) Endurkoma **18.649 kr.** sjá gr. 9)
- i) Breyting á heimtaug sjá gr. 10)
- j) Þrífösun heimtaugar sjá gr. 11)
- k) Þrífösun háspennulagnar sjá gr. 12)
- l) Endurtenging heimtaugar sjá gr. 13)
- m) Aukakostnaður og frávik sjá gr. 14)

Verð aðalheimtaugar er háð stærð heimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar, háð gerð fyrirbyggjandi háspennudreifikerfis. Ef um er að ræða

þriggja fasa dreifikerfi eru að jafnaði afgreiddar þriggja fasa heimtaugar, en að öðrum kosti veljast amperstærðir miðað við sambærilega aflgetu heimtaugar.

2. Yfirlengd lágspennu

Fari meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis þeirra er tengjast samtímis á spennistöð yfir 200 m, skal greiða fyrir yfirlengd. Verð fyrir hvern metra á bilinu 200 m til 400 m, er **1.462 kr.** Að jafnaði skal lágspennukerfi notanda ekki fara yfir 400 m.

3. Ný spennistöð

Verð fyrir aðgang að spennistöð, einfasa eða þriggja fasa er **463.695 kr.** Staðsetning nýrrar spennistöðvar er ákveðin af OV í samráði við landeiganda. Kostnaður þessi deilist á þann fjölda heimtauga sem tengjast spennistöðinni. Bætist við ný heimtaug, innan 15 mánaða frá spennusetningu veitu, reiknast hún til stofnkostnaðar og kemur sem lækkun til greiðenda. Aðrar heimtaugar, sem tengjast inn á kerfið, eftir 15 mánuði frá spennusetningu veitu, reiknast ekki til lækkunar stofnkostnaðar.

Verð fyrir aðgang að spennistöð kemur til viðbótar grunnverði heimtaugar samkvæmt gr. 1)

4. Ný háspennulögn til og með 2000 m

Fyrir háspennulögn umfram 100 m á hverja heimtaug, til og með 2000 m, greiðist hlutdeild í kostnaði háspennulagnar **1.565 kr/m.** Sé lagnaleið erfið er heimilt að hækka þann hluta leiðarinnar í **1.915 kr/m.**

Sjái OV sér hag í að nýta lögnina fyrir eigið dreifikerfi, en myndi ekki ráðast í framkvæmdir strax nema að frumkvæði umsækjanda má lækka hlutdeild í kostnaði háspennulagnar niður í **907 kr/m.**

Kostnaður þessi deilist á þann fjölda heimtauga sem tengjast í upphafi. Bætist við ný heimtaug, innan 15 mánaða frá spennusetningu veitu, reiknast hún til stofnkostnaðar og kemur sem lækkun til greiðenda í upphafi. Aðrar heimtaugar, sem tengjast inn á kerfið, eftir 15 mánuði frá spennusetningu veitu, reiknast ekki til lækkunar stofnkostnaðar.

5. Ný háspennulögn yfir 2000 m

Fyrir lengri lagnir en 2000 m greiðist samkvæmt tilboði.

Hafi notandi greitt fyrir nýja háspennulögn samkvæmt tilboði skal eftirfarandi gilda, hafi ekki um annað verið samið sérstaklega:

Tengist aðrir notendur viðkomandi kerfi, innan 10 ára frá verklokum, skulu þeir

taka þátt í kostnaði og á þá sá sem upphaflega greiddi rétt á endurgreiðslu frá OV þannig að kostnaði sé jafnað á milli notenda miðað við afskrifað verð þannig að kostnaðarhlutdeild og endurkröfuréttur lækki árlega um 20% af stofnverði og falli niður að 10 árum liðnum frá verklokum.

6. Viðbótarmælar

Fyrir uppsetningu viðbótarmælis, fyrir aðra mælingu og/eða annan notanda á sömu heimtaug, greiðast **29.737 kr** fyrir hvern mæli.

7. Ómældar smáheimtaugar

Verð fyrir ómælda smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er **59.474 kr** og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast **1.462 kr/m**. Hvort heimtaug flokkist sem ómæld smáheimtaug er háð mati OV.

8. Stækkun heimtaugar

Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða grunnverð nýrrar heimtaugar. Ef ekki þarf að skipta um spennistöð eða fara í aðrar kostnaðasamar aðgerðir vegna stækkunarinnar má draga fyrra grunnverð frá, samkvæmt gildandi verðskrá, að hluta eða öllu leiti. Auk þess skal greiða fast gjald **29.737 kr**.

9. Endurkoma

Þurfi að hverfa frá við tengingu heimtaugar vegna ófullnægjandi frágangs umsækjanda, eða koma aftur vegna færslu heimtaugar á endanlegan stað, greiðast **18.649 kr**.

10. Breyting á heimtaug

Breytingar á heimtaug að ósk notanda eru alfarið á hans kostnað.

11. Þrífösun heimtaugar

Verð fyrir þrífösun heimtaugar, að ósk notanda, er **246.968 kr** vegna spennistöðvar, þar sem skipta þarf um spennir, auk **29.737 kr** á hverja heimtaug. Verð spennistöðvar deilist á þann fjölda heimtauga sem eru þrífasaðar samtímis.

Fyrir þrífösun heimtaugar, þar sem þrífasa spennir er til staðar, eða samhliða endurnýjun dreifikerfisins, greiðast **64.917 kr**. Notanda ber að tryggja sem jafnast álag á fasa.

12. Þrífösun háspennulagnar

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðskiptavinur óskar eftir að flýta endurnýjun vegna þarfar fyrir þriggja fasa rafmagn, greiðir umsækjandi flýtikostnað **907 kr/m**, enda sjái OV sér hag í bættu dreifikerfi, en myndi ekki ráðast í framkvæmdir strax nema að frumkvæði umsækjanda. Að öðrum kosti greiðir umsækjandi framkvæmdina að fullu.

13. Endurtenging

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði má búast við aftengingu heimtaugar. Hafi heimtaug verið aftengd í a.m.k. 5 ár, telst hún aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald, samkvæmt almennum taxta A10D, fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu, auk **29.737 kr** fasts gjalds.

14. Aukakostnaður og frávik

Sé heimtaug lögð að ósk notanda við óhagstæðar aðstæður, svo sem vegna frosts í jörðu eða aurbleytu, getur OV krafist greiðslu vegna viðbótarkostnaðar sem af hlýst.

15. Eftirlit

Umsækjandi heimtaugar skal í samráði við OV tryggja heimild landeiganda til lagningar dreifikerfis sem og allan eðlilegan umgengisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

Orkubú Vestfjarða - Bráðabirgðaheimtaugar

1) Grunnverð - tengigjald:

Málstraumur/gerð			
≤ 63	A	53.426	kr
= 80	A	69.554	kr
= 100	A	85.683	kr
= 125	A	106.851	kr
= 160	A	160.277	kr

Innifalið í grunnverði er kostnaður við uppsetningu mælis og spennusetningu veitunnar. Annar kostnaður við framkvæmd verks greiðist samkvæmt skriflegu tilboði, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu að

jafnaði aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra. Grunnverð miðast við ársnotkun og endurnýjast við hvert byrjað ár frá tengingu heimtaugar.

7. Opinn raforkumarkaður.

Réttur til að velja sér raforkusala

Landsmenn allir geta frá og með 1. janúar 2006 samið um að kaupa rafmagn af þeim sem þeir kjósa, hvort sem er til atvinnurekstrar, heimilisnotkunar eða annarra hluta.

Upplýsingar um seljendur á markaði og rafmagnsverð má finna á heimasíðu Neytendastofu, www.neytendastofa.is eða Orkustofnunar, www.os.is. Þar má nálgast yfirlit um gjaldskrár fyrirtækjanna og áætla útgjöld vegna orkunotkunar til að sjá hvar hagkvæmast sé að kaupa rafmagn hverju sinni.

Samkeppnin nær einungis til framleiðslu og sölu rafmagns. Flutningur þess og dreifing verða áfram sérleyfisstarfsemi en undir eftirliti Orkustofnunar.

Sé ekki óskað eftir viðskiptum við nýjan raforkusala fá notendur rafmagnið áfram hjá þeim orkusala, sem þeir hafa fengið rafmagnið frá hingað til, en geta hins vegar hvenær sem er fært viðskiptin til annars raforkusala.

Dreifiveitunum sem sjá um dreifingu raforku til notenda ber lagaskylda til að gera nýjum raforkukaupendum skýra grein fyrir rétti sínum til að velja sér raforkusala.

Nýir kaupendur teljast þeir vera sem

- fá rafmagn í nýjar íbúðir eða ný hús eða
- hafa ekki keypt rafmagn undanfarna 12 mánuði af Orkubúinu.

Nýr notandi fær strax afhent rafmagn en fær fjögurra vikna umþóttunartíma til að kynna sér það sem í boði er og semja um rafmagnskaup sín.

Hafi nýr orkukaupandi ekki keypt rafmagn undanfarna 12 mánuði af O.V. eða sótt er um rafmagn í nýjar íbúðir eða hús þarf að semja sérstaklega um raforkukaup.

Þegar Orkubú Vestfjarða hefur staðfest móttöku umsóknar um raforkukaup er komin á bindandi samningur milli umsækjanda sem kaupanda og Orkubús Vestfjarða sem seljanda. Greiðsla fyrsta rafmagnsreiknings eftir gildistöku samnings er ennfremur staðfesting á viðskiptasambandi aðila.

Ekki er hægt að semja um raforkukaup utan dreifiveitisvæðis O.V. Rafmagnskaup eru samkvæmt gjaldskrá O. V. á hverjum tíma.

8. Niðurgreiðslur.

1. Niðurgreiðslur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis.

Kostnaður við dreifingu orku til hitunar íbúðarhúsnæðis er greidd niður samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðherra hverju sinni.

Greiddar eru niður allt að 40.000 kílóvattstundir á ári fyrir hverja íbúð þar sem föst búseta er. Sé ekki um fasta búsetu að ræða er heimilt að greiða niður að 40.000 kílóvattstundir á ári fyrir hverja íbúð. Sækja þarf um niðurgreiðslur til Orkustofnunar www.ov.is.

Dreifing raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis í dreifbýli er greidd niður um 3,54 kr/kWh og í þéttbýli niður um 2,63 kr/kWh, kemur þetta fé úr ríkissjóði. Orka frá kyntum hitaveitum til hitunar íbúðarhúsnæðis er greidd niður um 2,31 kr/kWh, 2,04 kr/kWh koma úr ríkissjóði og 0,27 kr/kWh koma frá Orkubúi Vestfjarða.

2. Niðurgreiðslur vegna dreifingar raforku í dreifbýli .

Dreifing allrar raforku í dreifbýli er greidd niður um 0,77kr/kWh og kemur þetta fé úr ríkissjóði. (dreifbýlisframlag)

3. Umsókn um niðurgreiðslur.

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 og lögum um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 58/2004 þurfa allir notendur sem vilja njóta niðurgreiðslu að sækja um það sérstaklega til Orkustofnunar sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

Eigandi íbúðarhúsnæðis sem ekki hefur kost á fullri hitun með jarðvarma getur sótt um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar til Orkustofnunar sem metur á grundvelli umsóknar hvort skilyrði laga þessara fyrir niðurgreiðslum sbr. 4. grein séu uppfyllt. Sækja má um niðurgreiðslu með eftirtöldum leiðum:

- Fylla út umsókn á heimasíðu Orkustofnunar www.os.is og senda rafrænt til hennar.
- Fylla út eyðublað á pappírformi og senda í pósti til Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík. Orkustofnun sendir eyðublaðið til þeirra sem þess óska.

Orkustofnun veitir fúslega nánari upplýsingar um niðurgreiðslulögin og aðstoðar íbúðareigendur við umsóknina eins og kostur er. Hringja má í síma 569 6000 eða senda tölvupóst á netfangið nidurgreidslur@os.is.

9. Skilmálar um sölu ótryggðrar orku.

1. Almenn skilyrði.

Sala á ótryggðri orku er háð samþykki Landsvirkjunar og því að nægjanleg flutningsgeta sé til staðar í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.

Um sölu ótryggðrar orku gilda þeir almennu skilmálar sem stjórn Landsvirkjunar setur á hverjum tíma. Skilmálar Landsvirkjunar með gildistöku 1. janúar 1991 eru sá grunnur sem eftirfarandi skilmálar Orkubús Vestfjarða hvíla á og miðast við.

Líta ber á skilmála þá sem hér eru settir af hálfu Orkubús Vestfjarða sem viðbót við skilmála Landsvirkjunar og flest þau atriði sem þar koma fram eru ekki endurtekin hér.

2. Afhending ótryggðrar orku.

2.1 Ótryggt afl dregið frá í stýringu hjá Orkubúi Vestfjarða.

Þegar um er að ræða notendur með uppsett afl í 1 MW eða meira og rafmagnið er bæði afl- og orkumælt [sbr. grein 3.3 ii í söluskilmálum Landsvirkjunar] er Orkubúi Vestfjarða heimilt að skerða afhendingu ótryggðu orkunnar, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

- a) Vegna bilana á fjarmælingu aflúttektar notanda sem nýtt er til stýringar á forgangstoppi þeim sem Orkubúi Vestfjarða kaupir frá Landsvirkjun.
- b) Vegna aftakmarkana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag.
- c) Vegna truflana og bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.
- d) Vegna óviðráðanlegra afla ["Force Majeure"].

Fyrirvari rofs vegna ofangreindra tilvika skal eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

2.2 Ótryggt afl ekki dregið frá í stýringu hjá Orkubúi Vestfjarða.

Þegar ótryggða orkan er eingöngu orkumæld [sbr. grein 3.3 í söluskilmálum Landsvirkjunar (sjá þó grein 3.1 í þessum skilmálum)] er Orkubúi Vestfjarða heimilt að skerða afhendingu, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

- a) Vegna stýringa á forgangsafli þeim sem Orkubúi Vestfjarða kaupir frá Landsvirkjun.
- b) Vegna aftakmarkana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag.
- c) Vegna truflana og bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.
- d) Vegna óviðráðanlegra afla ["Force Majeure"].

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks 2.2 a) en vegna annarra ofangreindra tilvika skal hann eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður.

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, mælabúnað sem við á og það samþykkir til mælingar á afli og orku.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður.

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þess og getur:

- a) Rofið afhendingu.
- b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.

c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

4. Takmörkun á sölu ótryggðrar orku.

4.1 Nýir notendur.

4.1.1 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.

Þegar óskað er eftir kaupum á ótryggðri orku ákveður Orkubú Vestfjarða í hverju tilviki fyrir sig, hvort af slíkum viðskiptum geti orðið.

Mat Orkubús Vestfjarða mun byggjast á útreikningum á flutningsgetu í kerfi þess, kostnaði við orku- og afltöp, flýtingarkostnaði í nýfjárfestingu og öðrum þeim rekstrarlegu þáttum sem hamlað geta orkuafhendingu. Verði flýtingarkostnaður hærri en 30% af mismuni þeim sem er á orkuverðum gjaldskrár Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar fyrir ótryggða orku, verður afhending ekki samþykkt, nema til komi sérstök greiðsla vegna þess hluta sem umfram er.

4.1.2 Takmörkun vegna heimtaugar og næsta dreifikerfis.

Kostnað við heimtaug og þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru í dreifikerfinu og nýtast notandanum einum að öllu eða miklu leyti, ber notanda að greiða.

Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfalli.

4.2 Notendur sem eru í viðskiptum.

4.2.1 Breytingar á aðstæðum.

Notendur sem komnir eru í viðskipti á grundvelli þeirra söluskilmála og gjaldskrár sem í gildi voru við upphaf viðskipta verða að sæta því að nýjar aðstæður í uppbyggingu veitukerfis Orkubús Vestfjarða, breyttar forsendur um álagsþróun og fleiri atriði geta valdið því, að það rúm sem áður var fyrir sölu til viðkomandi aðila þrengist og kostnaður vegna áframhaldandi sölu verði meiri en gjaldskrá Orkubús Vestfjarða er ætlað að bera [sbr. grein 4.1.1]. Í slíkum tilvikum er óhjákvæmilegt að endurmeta viðskiptin.

4.2.2 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.

Stefni viðskipti Orkubús Vestfjarða og samningsbundins kaupanda ótryggðrar orku í það, að ódýrara verði fyrir Orkubú Vestfjarða að rjúfa afhendingu orkunnar fremur en flýta fjárfestingu [sbr. þau mörk sem tilgreind eru í grein 4.1.1.], mun það segja upp samningi við viðkomandi aðila með eins árs uppsagnarfresti sem lágmark. Á því ári mun Orkubú Vestfjarða leita samkomulags við viðkomandi aðila um greiðslu þess hluta flýtingarkostnaðar sem gjaldskrá nægir ekki fyrir.

Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfalli.

5. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. maí 1994 og gilda þar til annað verður ákveðið.

Gjaldskrá fyrir ótryggða orku.

1. Almenn.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar Orkubús Vestfjarða um sölu ótryggðrar orku frá 1. maí 1994.

2. Rafmagnsgjald

Sjá verðskrá.

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er, að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Orkubús Vestfjarða og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða. Slíkur afsláttur er háður samþykki stjórnar Landsvirkjunar í hverju tilviki.